

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Réttarholt, L166586.*

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóðar Þjórsárskóla. Í breytingunni felst að lóð íþróttahúss, Skólabraut 2 (auðkennd E í upprunalegu deiliskipulagi), og lóð Þjórsárskóla, Skólabraut 4 (Gnúpverjaskóli, L166525, samkvæmt fasteignaskrá), eru sameinaðar í eina lóð. Fyrir sameiningu voru lóðirnar samtals um 11.000 m<sup>2</sup> en lóðin verður 18.584 m<sup>2</sup> eftir sameiningu og stækkun til suðurs.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. júní 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 26. júní 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 27. júní 2024